

Mættir: Kristján Geirsson, Ragnheiður Garðarsdóttir, Helga Erla Albertsdóttir, Davíð Heimisson, Arnar Stefánsson og Inga Brynja Magnúsdóttir.

Fjarverandi: Magnús Andrésdóttir og Magnús Ragnarsson.

Heiðarskóli 9. apríl 2018 kl. 19:30. Fundargerð Helga Erla Albertsdóttir

Dagskrá:

1. **Árshátíð grunnskólanna (blóm)**
2. **Sumarhátíð/Heiðarleikar Heiðarskóla**
3. **Önnur mál**

1. Árshátíð grunnskólanna

Árshátíð grunnskólanna verður haldin 26. apríl 2018. Foreldrafélagið gefur blóm til nemenda í ár eins og undanfarin ár. Búið er að panta nelliur fyrir nemendurna. Tímasetning afhendingar blómanna og fyrirkomulag yfirfarið.

2. Sumarhátíð/Heiðarleikar Heiðarskóla

Skemmtiatriði var samþykkt á síðast fundi foreldrafélagsins en BMX-Bros atriðið er nú frágengið. Farið var yfir hvað þarf að útvega vegna þessa og tímasetningar ákveðnar.

Boðið verður upp á pylsur, meðlæti og svala á Sumarhátíðinni og farið var yfir pantanir vegna þessa og einnig hvað annað er sem vantar að útvega vegna þess. Athugað verður hvort möguleiki sé að fá aðstoð 9 bekkjar eins og á síðust Sumarhátíð.

3. Önnur mál

Aðalfundur dagsettur og verður haldinn 24. maí 2018 kl. 19:30.

Fundi slitið kl. 20:00